

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Ársskýrsla 2022



Náttúrurannsóknastöðin
við Mývatn
2023

Yfirlit

Þetta árið var mýlitið í Mývatni, lítið af andarungum, mikið af hornsílum og blámor var í meira lagi, og mun meira í Syðriflóa (hámark um 120 $\mu\text{g/L}$), en Ytriflóa. Í Ytriflóa voru *slaufufesti* og *lykkjufesti* ríkjandi allt sumarið. Aðrar morgerðir sem voru þar á sveimi í byrjun létu í minni pokann þegar á leið. Í Syðriflóa var *flækjufesti* ríkjandi framan af sumri en *slaufufesti* náði yfirhöndinni síðsumars og var næstum einráð þegar kom fram í miðjan ágúst. Skúfönd er algengasta öndin en henni hefur fækkað eftir hámarkið 2018. Hrafnsönd og hávella eru enn í hámarki. Toppönd og duggönd eru enn í lágmarki og gráendur af ættkvíslinni *Anas* (urtönd, grafönd og stökkönd) voru í lágmarki eins og í fyrra (2021). Straumönd og flórgoða fer enn fækkandi, enda viðvarandi viðkomubrestur hjá þessum tegundum. Þrír rannsóknahópar unnu að Mývatnsrannsóknnum þetta árið. Fyrir utan RAMÝ sem annaðist vöktun lífríkis o.fl. voru það hópar frá University of Wisconsin (undirstöður vistkerfis Mývatns) og Háskólanum á Hólum (þróunarvístfræði hornsíla og hellableikju).


Náttúruvöktun Mývatns sumarið 2022

Helstu niðurstöður

Ísabrot, flóð og stormar

Ef miðað er við hitamæli á stöð 40 (norðan við miðjan Syðriflóa) fór hitinn fyrst yfir 5°C þann 22.–23. apríl 2022 og má reikna með að þar með hafi Mývatn verið orðið íslaust. Til samanburðar má geta þess að í fyrravor, 2021, fór ísinn endanlega hinn 16. maí.

Dagana 18.–22. júní var talsvert hvassviðri. Það hófst með norðvestan áhlaupi sem náði um 14 m/s (20 m/s í hviðum) þann 18. júní, snerist síðan í sunnan 10–14 m/s (hviður um 17 m/s) daginn eftir. Lægði þann 20. júní en talsvert hvasst á sunnan og vestan næstu tvo dagana þar á eftir (21.–22. júní). Að morgni 22. júní kom snörp roka á suðvestan. Meðfylgjandi línurit frá Syðri-Neslöndum (Veðurstofan) sýna þetta.




1. mynd. Sunnanstormar í júní 2022 (Veðurstofan).
Southerly gales in June 2022. Top to bottom in each panel: Wind speed
(and max wind), wind direction (Icel. Met. Office).

Vorflóð á Framengjum

Í lok maí var flóð á Framengjunum, sem ekki er óvanlegt á þessum árstíma, enda eru þetta frjósamar flæðiengjar, eins konar óshólmur Krákár. Í þetta sinn gafst óvenju gott tækifæri til að skoða umfang flóðsins. Drónamyndir voru teknar yfir norðurhluta engjanna 28. maí, og Sentinel-hnöttur ESA smellti af mynd utan úr geimnum daginn eftir (2.–4. mynd).



2. mynd. Drónamynd RAMÝ 28. maí 2022.




3. mynd. Sentinel-gervihnattarmynd 29. maí 2022. Flóðsvæðið sunnan Skútustaða er svart á myndinni. Spring flooding on the Framengjar marsh 29 May 2022. Sentinel satellite image.




4. mynd. Drónamynd RAMÝ af flóðsvæðinu, 28. maí 2022.

Plöntusvif


Talsvert blámor var í Mývatni sumarið 2022. Fyrstu merki um blámor í Syðriflóa sáust 27. júní. Samkvæmt mælingum í útfallinu hófst morið fyrir alvöru um miðjan júlímánuð og jókst með veldisvexti fram í aðra viku ágúst. Eftir það hnignaði því, með sveiflum þó, og var morið orðið lítið í septemberlok. Heildarmagn sumarsins var svipað og undangengin ár (6. mynd), en ársferillinn var sérstakur, eins og raunin er með sérhvert ár (7. mynd). Í Ytriflóa sáust fyrstu merki um blámor þann 16. júní, en þegar mælt var 11. og 18. júlí og 16. ágúst voru blámorsgildin lág (6; 5,4–7 og 9,7 µg/L).



5. mynd. Festargerðir í Mývatni. Samsett mynd. Einkennislitir, sbr. 8. mynd.
Dolichospermum morphotypes in Lake Myvatn. Colour codes refer to Fig. 8.



6. mynd. Samanlögð dagsmeðaltöl blámors í útfalli Mývatns.
Árið 2013 vantar 10 daga í lok tímabils og mælt í miðjum SF í stað útfalls.
Total cyanobacteria blooms in the Lake Myvatn outlet 2011–2022 (sum of daily averages each year).



7. mynd. Ferill blámors í suðurhluta Mývatns 2011–2022.
 Cyanobacteria concentration in the Lake Myvatn outlet 2011–2022.
 (2013 measured in the middle of the South Basin.)

Samsetning blámorsins var mismunandi milli flóanna tveggja sumarið 2022 og breyttist talsvert eftir því sem leið á sumarið, þó öllu meira í Syðriflóa en Ytriflóa (8. mynd). Í Ytriflóa voru *slaufufesti* og *lykkjufesti* ríkjandi allt sumarið, og aðrar gerðir sem voru á sveimi í byrjun létu í minni þokann þegar á leið. Í Syðriflóa var *flækjufesti* ríkjandi framan af sumri en *slaufufesti* náði yfirhöndinni síðsumars og var næstum einráð þegar kom fram í miðjan ágúst. Fyrri hluta júlí bar svölitið á *pylsufesti* og *lykkjufesti* í Syðriflóa.



8. mynd. Hlutföll festargerða í Ytriflóa (YF) og Syðriflóa (SF) Mývatns árin 2020–2022. Tómir hringir sýna að blámor hafi verið hverfandi lítið. Litir vísa í 5. mynd; rauðgult: beinar keðjur. Hlutföllin byggjast á talningum niturbindandi frumna (ekki á keðjum). Proportions of *Dolichospermum* morphotypes in the North Basin (YF) and South Basin (SF) in the years 2020–2022. Empty circles indicate no cyanobloom. The cyanobacteria proportions are based on counts of heterocytes. See Fig. 5 for colour codes.

TAFLA I. Hlutföll plöntusviðs í Mývatni 2022. Phytoplankton proportions in Lake Myvatn in 2022. Icelandic names of cyanobacteria morphospecies refer to Fig. 5.

MYVATN 2022		16.Jun.22	16.Jun.22	27.Jun.22	28.Jun.22	5.Jul.22	11.Jul.22	11.Jul.22	18.Jul.22	18.Jul.22	16.Aug.22	16.Aug.22	10.Sep.22	10.Sep.22
		South-Basin	North-Basin	South-Basin	North-Basin	South-Basin (outlet)	North-Basin St.YF	South-Basin St.S3	North-Basin St.YF	South-Basin St.S3	North-Basin St.YF	South-Basin St.S3	North-Basin St.YF	South-Basin St.S3
CYANOBACTERIA PERCENT	Sum of Heter	27	183	190	267	72	249	203	323	368	379	153	72	68
	Prop. fis-aj	22	5	46	4	17	2	28	2	71	3	94	4	87
	Prop. lemna	78	26	54	46	64	59	47	46	21	32	3	6	3
	Prop. ykkjuf	0	52	0	45	14	36	10	32	0	64	3	90	10
	Prop. pylsuf	0	11	0	1	6	0	16	0	8	0	0	0	0
	Prop. kúluf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0
	Prop. straight	0	5	0	3	0	3	0	0	0	0	0	0	0
	checksum per	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
NO. OF COLONIES ALL PHYTOPLANKTON	Sum of Cys	7	49	83	104	32	83	48	81	99	95	72	73	39
	Sum of Dia	37	53	24	11	48	1	18	2	4	0	2	1	2
	Sum of Chry	1	1	1	7	3	0	0	1	0	0	0	19	0
	Sum of Chl	18	25	65	5	17	2	31	8	4	3	7	5	10
	Sum of Dia,Chl	63	128	173	127	140	86	97	93	108	98	81	88	51
PERCENT COLONIES ALL PHYTOPLANKTON	Percc Cys	11	38	48	82	23	97	49	89	92	97	89	74	76
	Percc Dia	59	41	14	9	34	1	19	2	4	0	2	1	4
	Percc Chry	2	1	1	6	2	0	0	1	0	0	0	19	0
	Percc Chl	29	20	38	4	41	2	32	9	4	3	9	5	20
	Percc Sum	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100

Skrá: Phytoplankton_monitoring_Lake_Myvatn_2020-22.xls

Ekki er vitað hvað ræður þessum mun milli flóa, mánuða og ára, en vindafar og næringarefni eru líklegustu áhrifavaldarnir. Líkur eru á að festargerðirnar fimm endurspegli raunverulegar tegundir, því að útlitseinkenni þeirra eru frekar stöðug. Tegundaskil eru þó oft óljós hjá bakt-eríum, en í fræðum er þær varða er gjarnan talað um OTU, eða *operational taxonomic unit* frekar en tegundir.




9. mynd. Sentinel-2 mynd af Myvatni 16. ágúst 2022 sýnir vel þykkt blámor um allan Syðriflóa og nær það alveg að austurbakkanum nema þar sem lindarvatnsrennslí er mest við Garð og Kálfaströnd. Í Ytriflóa er minna blámor. Svartir flekkir í Syðriflóa eru skjáskuggar.
 Sentinel 2 image of Myvatn 16 August 2022. A thick cyano-bloom in the South Basin except in the spring-fed south-east corner. Less dense bloom in the North Basin. Black patches in the South Basin are cloud shadows.

TAFLA II. Svifalningar (hráar) sýna óvenju mikið af kísilþörungum af ættkvíslinni *Fragilaria* í vatnsbol beggja flóa í júní 2022. – Phytoplankton counts (raw) from 2022.

MYVATN 2022		16 Jun 22	16 Jun 22	27 Jun 22	28 Jun 22	5 Jul 22	11 Jul 22	11 Jul 22	18 Jul 22	18 Jul 22	18 Aug 22	18 Aug 22	18 Sep 22	18 Sep 22	
		South Basin	North Basin	South Basin	North Basin	South Basin	North Basin	South Basin	North Basin	South Basin	North Basin	South Basin	North Basin	South Basin	
		[m] [m] [m] [m] [m] [m] [m] [m] [m] [m] [m] [m] [m] [m]													
4	<i>Dactylopusium cf. flexu</i> colonies	4	3	31	6	11	4	13	9	68	9	48	2	14	
4	<i>Dactylopusium cf. flexu</i> heterocytes	0	0	47	0	12	6	16	8	262	11	144	3	19	
4	<i>Dactylopusium cf. flexu</i> colonies	1	18	17	78	17	56	21	47	8	37	2	83	1	
4	<i>Dactylopusium type 1 (D)</i> colonies	0	0	0	15	2	18	3	24	0	46	1	38	3	
4	<i>Dactylopusium type 1 (D)</i> heterocytes	0	86	0	121	10	90	20	167	0	244	4	85	7	
4	<i>Dactylopusium type 4 (J)</i> colonies	0	12	13	4	2	0	10	0	23	0	0	0	0	
4	<i>Dactylopusium type 4 (J)</i> heterocytes	0	30	0	4	4	0	32	0	28	0	0	0	0	
4	<i>Dactylopusium type 5 (D)</i> colonies	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	
4	<i>Dactylopusium type 5 (D)</i> heterocytes	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	0	0	0	
4	<i>Dactylopusium (straight)</i> colonies	0	1	0	2	0	1	0	1	0	0	0	0	0	
4	<i>Dactylopusium (straight)</i> heterocytes	0	0	0	8	0	7	0	1	0	0	0	0	0	
4	Other <i>Dactylopusium</i> colonies	0	2	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
4	<i>Chaetoceros debilis</i> colonies	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
4	<i>Chaetoceros redii</i> colonies	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
4	<i>Aphanizomenon</i> colonies	0	0	0	0	0	0	1	0	0	8	1	0	1	
4	<i>Diatoms elongatum</i> colonies	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	
4	<i>Sphaerodictyon heimskoldi</i>	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
4	<i>Fragilaria crotonensis</i> colonies	1	0	0	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	
4	<i>Fragilaria</i> spp. living cells	4	15	0	8	40	1	2	0	0	0	0	1	0	
4	<i>Synechococcus lewinii</i> colonies	220	485	240	400	815	50	28	70	8	0	48	70	8	
4	Small <i>Synechococcus</i> single cells	0	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
4	<i>Synechococcus</i> spp. colonies	0	17	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	
4	Other diatoms	2	15	6	1	1	0	3	2	2	0	0	0	1	
4	<i>Synedra</i> spp. colonies	228	1	18	2	5	0	14	0	2	0	2	0	0	
4	<i>Synedra</i> spp. living cells	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
4	<i>Uroglenes</i> spp. colonies	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
4	<i>Uroglenes</i> spp. living cells	1	1	1	7	3	0	0	0	1	0	0	1	0	
4	<i>Micromonas</i>	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
4	<i>Podococcus</i> spp. colonies	2	0	5	0	2	0	0	0	0	0	0	1	0	
4	<i>Podococcus</i> spp. living cells	7	8	10	3	45	2	20	2	4	1	3	1	2	
4	<i>Scenedesmus</i> spp. colonies	0	0	1	0	2	0	1	0	0	0	0	0	0	
4	<i>Scenedesmus</i> spp. living cells	1	1	2	0	8	0	4	0	0	0	1	0	0	
4	<i>Scenedesmus</i> spp. colonies	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
4	<i>Scenedesmus</i> spp. living cells	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
4	<i>Phaeocystis</i> spp. colonies	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	
4	<i>Phaeocystis</i> spp. living cells	1	10	0	0	1	0	1	0	0	0	0	0	0	
4	<i>Cryptomonas</i> spp. colonies	0	2	0	0	0	0	3	0	0	0	0	0	0	
4	<i>Cryptomonas</i> spp. living cells	0	0	1	0	1	0	2	0	0	0	1	3	0	
4	<i>Chlorella</i> spp. colonies	1	0	0	0	0	0	2	0	1	0	0	0	0	
4	<i>Chlorella</i> spp. living cells	0	0	0	0	0	2	0	0	0	0	0	0	0	
4	<i>Chlorella</i> spp. colonies	0	0	0	0	0	0	2	0	0	0	0	0	0	
4	<i>Chlorella</i> spp. living cells	0	0	0	0	0	0	2	0	0	0	0	0	0	
4	<i>Chlorella</i> spp. colonies	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
4	<i>Chlorella</i> spp. living cells	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
4	<i>Chlorella</i> spp. colonies	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
4	<i>Chlorella</i> spp. living cells	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
4	<i>Chlorella</i> spp. colonies	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
4	<i>Chlorella</i> spp. living cells	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
4	<i>Chlorella</i> spp. colonies	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
4	<i>Chlorella</i> spp. living cells	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
4	Other	2	8	2	2	8	0	2	0	1	1	1	1	8	
Other		2													
SUM (Diatoms, Synedra, living cells)		244	495	385	100	1005	90	79	80	80	91	74	77	47	
Algal Torch Fluorometer: Cyan		0.7	0.8	2.6	2.5	4	8	5.1	6.9						
Algal Torch Fluorometer: Total		1.1	2.8	12.7	4.9	15	7	8.5	7.1						

Tjarnir á Skútustöðum

Mælt var reglulega með flúrljómunarmæli (AlgaeTorch) í Skútustaðatjörnnum líkt og fyrri sumur. Í fyrra (2021) var mikið og ljósbrúnt blámor í Stakhólstjörn allt sumarið, ólíkt því sem gerðist 2020. Ekkert slíkt mor kom þar 2022 og ekki heldur í Boðatjörnnum. Greinilega er mikill breytileiki milli ára (10. mynd).



10. mynd. Vöktun svíþþörunga og blámors í tjörnum á Skútustöðum 2020–22.

Svörtu línurnar eru heildarmagn blaðgræna í hverjum lítra vatns. Bláu fletirnir og línurnar eru sá hluti blaðgræunnar sem blábakteríur (*Cyanobacteria*) hafa framleitt. Bilið á milli er einkum vegna framlags kísilþörunga og grænþörunga. *Phytoplankton in the ponds at Skútustaðir. Blue is cyanobacteria, black line is total chlorophyll.*

Surirella solea

Vert er að nefna að kísilþörungurinn *Surirella solea* var áberandi í svifsýnum úr Mývatni þetta árið. Þetta er stór þörungur, einn af fáum sem sést með berum augum. Venjulega liggur hann á botninum og berst sjaldan upp í vatnsbolinn.







11. mynd. *Surirella solea* ásamt broti úr flækjufesti.
The diatom *Surirella solea* was prominent this year.

Botngróður

Slý (Rhizoclonium) í Laxá

Myndir voru teknar með dróna af Laxárvíslunum 13. júlí, 16. ágúst og 12. nóvember. Slý var með minna móti í júlí og ágúst og ekkert í nóvember. Sýnishorn hér að neðan.





12. mynd. Laxárvíslar móts við Geirastaði 13. júlí, 16. ágúst og 12. nóvember 2022. Tvær neðstu myndirnar eru teknar lóðbeint niður með dróna 12. nóvember 2022. Enginn gróður var sýnilegur en vel sést hvernig mól og sandur liggur í bingjum á botninum. Straumur hefur náð að rífa suma þeirra upp (efri mynd). Myndirnar voru teknar til að hyggja að urriðariðum en engin augljós merki fundust um rið. Ljósir fletir eru þar sem minni straumur er og leir nær að safnast.


Drone photos for monitoring of *Rhizoclonium* mats in the river Laxá by Geirastaðir 13 July, 16 August and 12 November 2022.



13. mynd. *Rhizoclonium* slý í Grænalæk.
The green alga *Rhizoclonium* in the river Grænilækur.

Slý í Mývatni


Tækifæri til að kortleggja grænþörungamottu Syðriflóa gafst með *Sentinel* gervihnattarmynd frá 29. maí. Dökk svæði sunnan við Neslönd voru nýlunda, en athuganir með botnsýnatöku gáfu ekki örugga vísbendingu um samfellda mottu af grænþörungum svo að gera verður ráð fyrir að hún hafi verið frekar gisin.



14. mynd. *Sentinel* mynd frá 29. maí 2022. Vinstra megin hefur útbreiðsla meintrar grænþörungamottu verið teiknuð. Ljósari litur sýnir gisnari þörungamottu. *Sentinel* image of Myvatn 29 May 2022 showing the benthic mat of *Cladophorales*. Image on the left shows the interpretation. Lighter colour indicates a more dispersed mat.

Kúluskítur í Ytriflóa

Sumarið 2021 varð vart við fljótandi kekki af gasfylltri leðju með miklu af smávöxnum kúluskít í Ytriflóa. Aftur varð vart við þetta fyrirbæri á sama stað 18. júlí 2022.



15. mynd. Flotmottur með kúluskít 18. júlí 2022, staðsetning.
Location of floating mats of mud-locked lake balls 18 July 2022.



16. mynd. Flotmotta með kúluskít í Ytriflóa 18. júlí 2022.
A floating mat of mud-locked lake balls in the North Basin 18 July 2022.

Rykmý


Flugnagildir voru starfræktar að venju á 9 stöðum. Afar lítið sást af rykmýi þetta sumar við Mývatn. Hinn 23. maí sást mikið af fugli tína mý sem var að klekjast úr Blátjörn og er það mjög óvenjulegt. Mýklak (*Chironomus*) var þá líka á Álum, vestast á Mývatni, en ekki annars staðar á Syðriflóa. *Chironomus islandicus* flugur komu upp úr Stakhólstjörn 28. maí. Hinn 1. júní var mý að klekjast í Svartárvatni og 13. ágúst voru þéttir mýstrókar þar (*Tanytarsus*, 17. mynd). Línurit yfir rykmý af ættkvíslinni *Eukiefferiella* í Laxá 1977–2019 er birt hér að neðan (20. mynd). Rykmýsveiði á bökkum Laxár hefur minnkað jafnt og þétt nánast allt rannsóknatímabilið.




17. mynd. Rykmý (*Tanytarsus*) við Svartárvatn 13. ágúst 2022.
Swarming *Tanytarsus* at Svartárvatn 13 August 2022.

Bitmý

Hér eru birt línurit yfir veiði bitmýs í gildirur á bökkum Laxár 1977–2019 ásamt gögnum frá Veðurstofunni um rennsli í Laxá (18. mynd). Rennsli í Laxá hefur aukist talsvert á seinni árum vegna meiri úrkomu. Bitmýsveiði í útfalli árinna virðist hafa minnkað á sama tíma.



18. mynd. Bitmý: Veiði í flugnagildirur á bakka Laxár í Mývatnssveit. DR: Dragsey, í útfalli árinna; HE: Helluvað, um 3 km frá útfalli árinna. Bókstafirnir a og b tákna fyrri og seinni hluti sumars (skiptist um 20. júlí); s er heildartala sumarsins (=a+b). Öll gögnin eru færð á sama mælikvarða og sýnd sem frávik frá meðaltali alls tímabilsins. Blackfly catches in a trap in the outlet of the river Laxá. River discharge in m^3/s . a and b are former and latter part of summer; s is their sum.



19. mynd. Rykmý: Veiði í flugnagildrur á bakka Laxár í Mývatnssveit. DR: Dragsey, í útfalli árinna; HE: Helluvað, um 3 km frá útfalli árinna. Bókstafurinn s í mýlínuritunum þýðir að byggt er á heildartölu sumarsins. Þessar tvær mýtegundir eru hinar algengustu í Laxá. Öll gögnin eru færð á sama mælikvarða og sýnd sem frávik frá meðaltali alls tímabilsins. Total catches of two chironomid species in traps on the banks of the river Laxá. DR: outlet; HE: 3 km downstream. River discharge in m^3/s .

Vatnafuglar

Mývatn og Laxá eru í hópi andríkustu svæða veraldar. Talningar á öndunum þjóna margvíslegum tilgangi. Þær, ásamt vöktun á framboði ætis, gefa vísbendingu um ástand alls lífríkisins en varpa jafnframt ljósi á þá þætti sem ráða mestu um velferð fuglastofna við Mývatn og Laxá, og á landinu í heild.

Vortalning fugla í Mývatnssveit og nágrenni fór fram 49. árið í röð. Á línuritunum hér fyrir neðan sjást vortölur vatnafugla í Mývatnssveit (fjöldi steggja hjá öndum en heildartölur hjá öðrum fuglum). Rauðar línur sýna fjöldi fugla (yfirleitt steggja) í fjaðrafelli, súlurnar sýna fjölda unga. Fjöldi straumandar- og húsandarsteggja á Laxá neðan Hofstaða er sýndur sérstaklega. Þess ber að geta að allir mófuglar sem sjást meðan vatnafuglatalningar standa yfir eru skráðir. Niðurstöður fuglatalninganna birtast í viðauka þessarar skýrslu. Kortin sem fylgja sýna útbreiðslu vatnafugla í maí 2022 og ágústbyrjun 2022 (unga- og fellifuglatalning).


Kort yfir útbreiðslu unga eru merkt með Y (young), kvenfuglakort með F (female) og steggjakort með M (males).



20. mynd. Húsendur voru óvenju ákafar í hringsóli um hús þetta árið og sátu löngum stundum á skorsteininum hjá RAMÝ.
The Barrow's goldeneyes were unusually active in nest prospecting on the farms this summer.

Himbrimi


Himbrima hefur fjölgað margfalt í Mývatnssveit síðan talningar hófust. Um það leyti sem þær hófust var enn stundað að steypa undan þeim í Mývatnssveit en því hefur verið hætt. Gæti það hafa stuðlað að fjölgun hans, en sveiflur í fjölguninni eru e.t.v. tengdar afkomu unga á Mývatni eða almennt í sjónum við Ísland en hvorugt hefur verið kannað sérstaklega.



21. mynd. Fjöldi himbrima séður í hefðbundnum vortalningum vatnafugla 1975–2022. In the following graphs dotted lines indicate spring censuses, red lines are moulting birds in July/August, columns are young in August. More complex graphs show downstream stretches of the river Laxá.

Lómur


Lóm hefur farið hægt fjölgandi í Mývatnssveit, og má segja að fjöldi hans hafi fimmfaldast. Miklar sveiflur hafa þó verið, með uppsveiflur á um 9 ára fresti undanfarna áratugi. Lómurinn verpur við tjarnir og sækir æti út á Mývatn og á seinni árum einnig á Laxá.



22. mynd. Fjöldi lóma í hefðbundnum vortalningum vatnafugla 1975–2022.

Flórgoði


Flórgoðinn er einn af einkennisfuglum Mývatnssveitar og má hiklaust segja að höfuðstöðvar hans séu þar. Mest af honum verpur við Ytriflóa og á Sandvatni. Víkingavatn í Kelduhverfi er einnig mikilvægt varpsvæði. Fyrstu tuttugu ár vöktunarinnar var stofninn lítill og fór minnkandi til 1991 þegar samfelld fjölgun hófst sem endaði með miklu hámarki 2011. Fjöldi fugla í fjaðrafelli hefur fylgt varpstofninum fast eftir og ekkert bendir til að fuglar komi sérstaklega frá öðrum varpsvæðum til að fella fjaðrir á Mývatni, ellegar hverfi af Mývatni til fellistöðva annars staðar. Árið 2011 var lágmark í fjölda uppkominna unga og hefur ungafjöldinn verið lítill síðan. Fækkað hefur í varpstofninum í kjölfarið. Netaveiði, stærð hornsílastofnsins og skilyrði á vetrarstöðvum eru líklegustu áhrifaþættir á viðgang flórgoða. Stormur á varptíma getur haft tímabundin áhrif, því að þá misfarast mörg hreiður. Mikil fjölgun flórgoða um allt land á e.t.v. rætur að rekja til fjölgunar á Mývatni en áhrif skilyrða á sameiginlegum vetrarstöðvum, sem eru á sjó, gætu ráðið nokkru. Mikla fækkun á flórgoða á seinni árum má rekja til hruns hornsílastofnsins í Mývatni (sjá kafla um þau í þessari skýrslu). Viðkoma flórgoðans á Mývatni fylgir ástandi hornsílastofnsins.



23. mynd. Fjöldi flórigoða séður í hefðbundnum vatnafuglatalningum 1975–2022. Sumarfuglar: rauð lína, ungar: súlur. Talning sumarfugla og unga hófst 1995.

Húsönd

Húsöndin er einkennisfugl Mývatns og Laxár. Hún finnst hvergi annars staðar í Evrópu en verpur víða í norðvestanverðri Norður-Ameríku, frá Yellowstone til Alaska og sérstakur stofn er í Labrador og Quebec á austurströnd Kanada. Íslenski stofninn er mestallur á Mývatni og Laxá en staðbundið varp er við Svartárvatn og stöku á bæjum efst í Bárðardal og Reykjadal.



24. mynd. Fjöldi húsanda í hefðbundnum vatnafuglatalningum 1974–2022.

Húsendur hafa fundist í varpi við Sogið og Vesturhópsvatn, og í Veidivötnum hefur verið árvissst varp á seinni árum. Húsendur verpa í holum í hrauninu meðfram Mývatni og Laxá og frá miðri síðustu öld hefur fjöldi anda orpið í sérstaka kassa sem komið er fyrir utan á húsum eða algengara innan við vindaugu á hlöðum og gripahúsum. Síðsumars safnast húsendur saman á Mývatnssvæðinu, einkum á Laxárkvíslunum, og er fjöldi þeirra þá (rauð lína) oft talsvert hærri en fjöldinn að vorlagi og endurspeglar líklega heildarstærð stofnsins. Síð-sumartalan


sveiflast nokkuð reglulega. Punktalínan sýnir fjölda steggja í Mývatnssveit og ofan á hana bætt línunum sem sýna fjölda steggja í Laxárdal og Aðaldal (reglubundnar talningar þar hófust 1998). Fjöldi unga sem kemst á legg er metinn með talningu í ágústbyrjun (bláar súlur og miðað við kvarðann hægra megin; fyrsta talan er frá árinu 1976). Fyrstu þrettán árin var ungaframleiðslan fremur jöfn milli ára, en eftir 1988 hefur borið nokkuð á slökum árum inn á milli, og heldur virðast góð ungaár strjálást eftir 2010. Helsta truflun á búsvæðum húsandarinnar er umgangur refa og minks á varptíma, umgangur stangveiðimanna um Laxárkvíslarnar um unga- og fellitímamann og afföll í silungsnetjum að vorlagi og umgangur ferðamanna við Kálfastrandarvoga. Ástæða er til að huga að verndun vetrarstöðva sem eru m.a. á lindarsvæðum á sunnanverðu landinu. Ref og mink er haldið í skefjum með veiðum, og áhrif stangveiða eru milduð með hvíldartíma milli kl. 1 og 4 á daginn. Átuskilyrði ráða mestu um ungaframleiðsluna og er það bit- og rykmýslirfur í Laxá og rykmýslirfur í Mývatni sem mestu máli skipta, en húsöndin tekur ýmsa aðra fæðu, s.s. snigla, vorflugulirfur og árflugur (*Limnophora*).

Húsendur í Veiðivötnum (úr ársskýrslu RAMÝ 2021)

Undanfarin sumur hefur Örn Óskarsson, líffræðingur fylgst með varpi húsandar í Veiði-vötnum (Örn Óskarsson 2013. Húsandarvarp í Veiðivötnum. Fuglar 9: 54–59) og hefur hann orðið þess var að húsendur væru þar líka í fjaðrafelli. Gæti það tengst lækkandi tölum fellifugla í Mývatnssveit á síðustu árum. Sumarið 2021 kannað Örn fjölda anda og fann hann 66 húsendur (þar af 9 í um 700 anda hópi á Grænavatni sem var mest duggendur en með talsvert af skúfönd einnig). Ljóst er að gera þarf talningar í Veiðivötnum að föstum lið í vöktun húsandarstofnsins. (Það var þó ekki gert sumarið 2022.)

Straumönd


Straumöndin finnst á stóru svæði beggja megin við norðanvert Kyrrahaf. Einnig er hún austast í Kanada, á Grænlandi og Íslandi. Hún verpur um allt land þar sem straumharðar ár eru, en einna helst við lindár sem koma úr stöðuvötnum og eru því frjósamar. Á veturna heldur hún til á sjó, við fremur brimasamar sjávarfjörur, einkum við utanverða firði. Steggir í felli halda til á viðlíka stöðum eða svipuðum. Síðan 2015 hafa aðeins fáar straumendur hafst við í Laxárdal. Til eru eldri talningar á straumandarsteggjum að vorlagi í Mývatnssveit,



frá Sven-Axel Bengtson: 1965 og 66 (40), 1968 (39), 1969 (44), 1970 (55) og Jon Fjeldsá 1971 (58). Þær sýna að straumandarlægðin á áttunda áratugnum hefur varað í a.m.k. ellefu ár. Línuritíð sýnir einnig fjölda stórríða (>58 cm) í LM (veiði per 100 stangir á dag, rauð lína; Guðni Guðbergsson pers. uppl.). (Talan hundrað (í stað 1) er til að nota megi sama kvarðann fyrir straumendur og urriða vinstra megin á línuritinu.)



Gargönd

Hún nefnist gjarnan *litlagráönd* í Mývatnssveit. Ljósgrár steggurinn virðist ekki mikið fyrir augað en við nánari skoðun leynast í búningi hans fingerð litbrigði. Hvítur vængspegill og svartur gumpur eru einkennandi. Hvíti vængspegillinn greinir gargandarkolluna frá stökkandarkollu á augabragði. Gargöndin er ein af einkennistegundum Mývatns og Laxár. Þegar fuglatalningar hófust á Mývatni um 1974 voru gargendur hvergi algengar, 40 til 100 pör og langt á milli þeirra. Eins var gargöndin óalgeng á seinni hluta 19. aldar. Um 1990 tók stofninn að stækka og náði hámarki 2008–2019 en er nú á niðurlíðu. Ofan á fjölgunina bættust sveiflur sem eru samstiga sveiflum í rauðhöfðastofninum og án efa tengdar mýsveiflum í Mývatni eins og hann. Þegar stofninn var lítill héldu gargandarsteggir sig allir í einum hóp við Hróteyjarnes um fellitímam, en nú er enginn einn fellistaður. Ungaframleiðsla gargandar er ekki metin í fuglatalningunum vegna þess að ungalausar kollur halda sig yfirleitt utan sjónmáls.





Rauðhöfðaönd

Rauðhöfðaönd er jafnan nefnd rauðhöfðagráönd í Mývatnssveit, oft aðeins rauðhöfði. Þegar talningar hófust um 1975 var stofninn í lágmarki en meira en þrefaldaðist á skömmum tíma. Hefur hann haldið í því horfi síðan, þegar á heildina er litið, en sveiflast þó mjög, og jafnan í takt við flugustofna Mývatns. Ungaframleiðslan fylgir mýinu fast eftir og fullorðnu fuglarnir ári seinna. Vetrarstöðvar rauðhöfðans eru í norðvestanverðri Evrópu en einhver brögð eru að því að árgamlir rauðhöfðar bregði sér vestur um haf á fyrsta aldursárinu. Þótt viðkoma rauðhöfðans sé háð rykmýinu er rauðhöfðinn grasbítur í meira mæli en aðrar andartegundir.



Skúfönd



Skúfönd er algengasta öndin á Mývatni, og hefur henni farið jafnt og þétt fjölgandi undanfarna áratugi en fer nú aftur fækkandi, samhliða minnkandi ungaframleiðslu. Framan af tímabilinu, frá 1979 til 2002 hvarf hluti steggianna um sumarið og felldi ekki flugfjaðrir á Mývatni. En á síðustu árum hefur dæmið snúist við og steggir koma nú annars staðar að til að fella á Mývatni. Skúföndin nam land skömmu fyrir aldamótin 1900. Líkur eru á að hún sé smám saman að ryðja duggöndinni úr sessi.



Duggönd


Fyrsta heimildin um endurnar á Mývatni er frá miðri 18. öld og var duggönd þá algengasta öndin. Hún var það enn á síðari hluta 19. aldar, skv. frásögnum erlendra fuglafræðinga sem


heimsóttu Mývatn um varptímam. Hún missti 1. sætið um 1970 er nýr landnemi, skúföndin tók fram úr henni. En það var ekki fyrr en eftir aldamótin 2000 sem duggöndin sýndi greinileg merki fækkunar. Þau komu fyrst fram í því að duggandarsteggir hættu að koma af stærra svæði til að fella flugfjaðrir á Mývatni. Um 2010 var ljóst hvert stefndi, en fjöldi vorfugla hefur þó haldist nokkuð stöðugur í um 700 steggjum frá 2014. Frá 2015 hafa duggandarsteggir gjarnan leitað frá Mývatn til að fella flugfjaðrir og er það nýlunda.



Hrafnsönd



Hrafnsöndin er frekar norrænn fugl, lifir um norðanverða Skandinavíu. Í Norður-Ameríku er náskyld tegund, kolönd, *Melanitta americana*. Á Íslandi er hrafnsöndin frekar fáséð. Aðalheimkynnin eru á Mývatni en nokkur þör verpa dreift við önnur vötn á Norður- og Austurlandi (Svartárvatn, Mávavatn, Miklavatn í Aðaldal, Víkingavatn, Skagafjörður og Hérað). Hrafnsöndin er sjófugl á veturna og hefur vetursetu við vesturströnd Evrópu, einkum Bretlandseyjar. Hrafnsöndin kom mikið í silunganet meðan sú veiði var mest stunduð og er líklegt að mikil fjölgun hennar, einkum eftir 2000 stafi af minnkandi veiðisókn. Ungaframleiðslan hefur verið lotubundin og fylgir rykmýs- og krabbadýrasveiflum. Steggir hverfa til hafs í lok varptímans, kollur fara seinna, en ungarnir bíða fram á haust.







Hávella

Hávellan er hánorrænn sjófugl sem kemur á stöðuvötn um sumarið. Stórir hópar af hávellum er á sjónum við Ísland á veturna og eru líklega komnir frá öðrum heimskaotalöndum. Líkt og hrafnhöndin var hávellum óvenju hætt við að drukkna í silunganetum. Vel er hugsanlegt að langtímafjölgun þeirra sl. 50 ár stafi af minnkandi netjaveiði. Hávellur voru mjög áberandi á Mývatni fyrr á tímum og var hún í öðru sæti á eftir duggöndinni á seinni hluta 19. aldar, skv. frásögnum erlendra fuglafræðinga sem heimsóttu Mývatn. Er talið líklegt að átuskilyrði hafi verið henni hagfelldari (krabbaáta, kornáta). Ungatölum er ekki safnað fyrir hávellu, því að vandkvæðum er bundið að greina stálpaða unga frá fullorðnum kvenfuglum á löngu færi.




Toppönd

Toppöndin er telst til fiskianda ásamt gulönd. Mývetningar nefndu þær litlu- og stóru toppönd. Toppöndin lifir mest á hornsíli. Hún heldur einkum til á sjó á veturna. Saga toppandarinnar á Mývatni sl. 50 ár skiptist í fjögur tímabil. Milli 1975 og 1988 voru tiltölu-lega fáar toppendur á Mývatni, eða um 400 steggir. Milli 1988 og 2013 voru tölurnar mun hærri en lækkuðu síðan mjög og hafa undanfarin ár verið lægri en nokkru sinni. Miðtíma-bilinu má skipta í tvennt eftir því hvort steggjum hefur fjölgað eða fækkað um miðbik sum-arsins miðað við vortölurnar. Toppendur voru algengar á Mývatni á síðari hluta 19. aldar. Ungatölur eru til frá og með 1993.




Gulönd


Gulendur eru að mestu sjófuglar á vetrum en halda til á fersku vatni yfir sumarið, einkum straumvatni. Hópar gulanda eru þó einnig á vötnum á veturna, t.d. Mývatni. Steggir hverfa til óþekkra fellistöðva síðsumars. Aðeins örfá gulandarhjón verpa við Mývatn og Laxá á ári hverju.



Stökkönd, urtönd og grafönd



Þessar þrjár andartegundir eiga það sammerkt að tilheyra ættkvíslinni *Anas*. Stökköndin er staðfugl, og er allan ársins hring við Mývatn og Laxá. Urtendur og grafendur eru farfuglar, nema stöku urtendur halda til við volgar uppsprettur á veturna. Fjöldi andanna hefur haldist nokkuð svipaður yfir tímabilið, en sveiflur eiga rætur í mýsveiflum Mývatns. Lægð síðustu þriggja ára á sér engin fordæmi sl. 50 ár. Ungatölur þessarra tegunda eru ekki til, því að endurnar eru felugjarnar um ungatímann.






Álft

Vortölur álfta í Mývatnssveit hafa haldist lítið breyttar, um 200 fuglar, þegar á heildina er lítið. Sumartölurnar eru ávallt mun hærri og hafa álfirnar yfirleitt haldið sig í tveimur hópum, og er annar á Ytriflóa, hinn á innri hluta Neslandavíkur. Síðarnefndi hópurinn hefur þó minnkað mikið á seinni árum. Sumarálftum (rauða línan) fór fækkandi á árunum 1984–2001 en þá var unnið að kísilgúrdælingu á beitarsvæði þeirra. Síðan hefur fjöldi sumarálfta haldist nokkuð jafn ef undanskilið er hámark árin 2017–2020.



Gæsir

Vortölur gæsa voru háar, en þó í lægri kantinum miðað við undanfarin ár.



Ýmsir fuglar

Skeiðendur sáu á fáeinum stöðum sumarið 2022, einna helst á Helgavogi og Kálfstjörn. Taumandarsteggur hélt til við Skútustaði í lok júní (sjá mynd undir lok skýrslunnar). Ernir sáu annað slagið, einna síst þó um hásumarið.



21. mynd. Svartbakshreiður á bakka Mývatns.
Great black-backed gull nest on the Myvatn shore.



22. mynd. Fuglatalning

Svartá og Svartárvatn

Vorfuglar voru taldir á Svartá og Svartárvatni upp af Bárðardal hinn 1. júní og ungar og fellifuglar hinn 13. ágúst. Engir húsandar- eða straumandarungar sáu.

Svarfaðardalur

Hefðbundin fuglatalning fór fram í Svarfaðardal 25. maí.



23. mynd. Elin Baldvinsdóttir bóndi í Svartárkoti ásamt Unni Jökulsdóttur á bakka Svartárvatns vorið 2022.
Unnur Jökulsdóttir and Elin Baldvinsdóttir by Lake Svartárvatn.

Fiskar

Riðastöðvar bleikju

Í veðurlíðunni 12. nóvember tókst að ljósmynda riðabletti bleikjunnar í Mývatni en hrygning hennar er í hámarki um miðjan nóvember. Talning bletta á myndunum gefur vísitölu hrygningar í vatninu sem hægt er að bera saman milli ára. Þetta er gert á riðastöðvunum við Garð og Kálfaströnd en þar er stærsta hrygningarsvæðið og vatnið yfirleitt íslaut. Alls 222 blettir voru skráðir, sem er um fjórðungar af því sem mest hefur mælst á undanförunum árum (línurit). Við mynduðum líka riðin við Geiteyjarströnd sem nú voru íslaus, aldrei þessu vant. 105 blettir fundust þar. Þessi tvö svæði eru langstærstu riðastöðvarnar í Mývatni. Hrygningarvirgni er samkvæmt þessu í lágmarki, líklega vegna víðtæks átuleysis í vatninu undanfarin tvö sumur.



24. mynd. Vinstra megin: Riðablettir á vatnsbotninum. Hægra megin: Fjöldi riðabletta á svæðinu milli Garðs og Kálfastrandar um miðjan nóvember. Veður leyfði ekki myndatökur árið 2021.



25. mynd. Fjöldi riðabletta í vogunum milli Garðs og Kálfastrandar 12. nóvember 2022.
Number of Arctic charr redds in the bays between Garður and Kálfaströnd.



26. mynd. Fjöldi riðabletta við Geitexjarströnd 12. nóvember 2022.
Number of Arctic charr redds at Geitexjarströnd.

TAFLA

Fjöldi riðabletta á svæðinu milli Garðs og Kálfastrandar í nóvember og svæðaskipting þeirra.
Numbers of Arctic charr redds in the bay between Garður and Kálfaströnd in November
and the share of three different subareas.

